

L Ö G

37

23. maí

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað
á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að taka eignarnámi jarðirnar Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi l. nr. 58 4. júlí 1942, um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútu-dal í Siglufirði.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

38

23. maí

um breyting á lögum nr. 28 18. febr. 1943, um stækkun
lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist: svo og landsspilda sú, er liggur milli Naustalækjar að austan og Ormsstaða að vestan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.